Reykjavík, 25. nóvember 2025

# TILLAGA FAGHÓPS AÐ ÚTHLUTUN STYRKJA ÚR BORGARSJÓÐI Á SVIÐI MENNINGARMÁLA 2026

## GREINARGERÐ

Faghópur vegna úthlutunar styrkja menningar- og íþróttaráðs úr borgarsjóði á sviði menningarmála 2026 var skipaður af ráðinu þann 22. ágúst sl. Hópinn skipuðu Gunnar Andreas Kristinsson (formaður), Helga Guðrún Óskarsdóttir, Hanna Björk Valsdóttir og Jóna Hlíf Halldórsdóttir, tilnefnd af Bandalagi íslenskra listamanna og Búi Bjartmar Aðalsteinsson, tilnefndur af Miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Hópurinn tók til starfa í fyrri hluta október.

Alls bárust 169 umsóknir um styrki úr borgarsjóði á sviði menningarmála fyrir árið 2026 til meðferðar faghópsins. Sótt var um styrki fyrir samtals kr. 357.380.811.

Ráðstöfunarfé til úthlutunar styrkja á sviði menningarmála fyrir árið 2026 var 92 milljónir króna. Þar af er að þessu sinni lagt til að 29 milljónir fari í verkefni sem hljóti samstarfssamning til 2ja eða 3ja ára.

Faghópurinn lagði áherslu á að veita sem flestum góðum umsóknum veglega styrki til að tryggja að frambærileg verkefni yrðu að veruleika. Meðlimir faghópsins lásu umsóknir og fylgigögn áður en þeir hittust á fundum sínum og tóku allar umsóknirnar til efnislegrar umfjöllunar. Faghópurinn hafði matsblað menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs til viðmiðunar við yfirferð allra umsókna, en matsblaðið byggir á mannréttindastefnu og menningarstefnu borgarinnar og þeim reglum sem borgin setur um úthlutun styrkja. Matsblaðið var notað á leiðbeinandi hátt við úthlutun og leitast var eftir því að samræmi væri í upphæðum miðað við umfang verkefna og að úthlutað væri styrkjum í fjölbreytt verkefni, þvert á listgreinar, sem hefðu skýra verkáætlun.

Faghópurinn leggur til að veittir verði styrkir til 78 verkefna sbr. meðfylgjandi tillögu. Ljóst er að hafna þurfti mörgum áhugaverðum og metnaðarfullum verkefnum.



Varin gögn - External sharing

Lagt er til að Listhópur Reykjavíkur 2026 verði Elja kammersveit en uppgangur hópsins í íslensku tónlistarlífi hefur verið mikill á undanförnum árum. Elja mun bjóða upp á einstaklega fjölbreytta og metnaðarfulla tónleika á komandi starfsári.

Hæstu styrkina hljóta samkvæmt tillögunni Caput-hópurinn og Gallery Hakk upp á 3 m.kr. hvor, kammerhópurinn Nordic affect og Open listamannarekið sýningarrými 2 m.kr. hvor, Áburður: Sýningarröð Slökkvistöðvarinnar, Extreme Chill Festival, Queer Situations - alþjóðleg bókmenntahátíð, Reykjavík Early Music Festival og Cantoque Ensemble 1.5 m.kr. hver.

Lagt er til að 8 nýir samstarfssamningar verði gerðir, 7 til þriggja ára og 1 til tveggja ára. Nýir samstarfssamningar eru eftirfarandi samkvæmt tillögunni: Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík hlýtur 6,5 m.kr. til þriggja ára, Sequences myndlistartvíæringur hlýtur 4,5 m.kr. til tveggja ára, Óperudagar hljóta 4,5 m.kr. til þriggja ára, List án Landamæra hlýtur 3,5 m.kr. til þriggja ára, Myndhöggvarafélagið í Reykjavík hlýtur 3,5 m.kr. til þriggja ára, Kammersveit Reykjavíkur hlýtur 3 m.kr. til þriggja ára, UNGI sviðslistahátíð hlýtur 2 m.kr. til þriggja ára og Dans Afríka Barakan Festival Iceland hlýtur 1,5 m.kr. til þriggja ára.

Aðrar styrkúthlutanir eru frá 1,2 m.kr. og niður í 200.000 kr.

Eftirfarandi atriðum vill faghópurinn koma á framfæri:

- Ekki virðast allir umsækjendur gera sér grein fyrir að hægt sé að sækjast eftir samstarfssamningi til tveggja eða þriggja ára. Sá möguleiki mætti vera sýnilegur í umsókninni, t.d. með því að bjóða umsækjendum upp á að haka við ef samstarfssamningur óskast. Meðal umsókna að þessu sinni voru þó nokkur umfangsmikil verkefni sem höfðu allt að bera til að hljóta samstarfssamning. Í sumum þessara tilvika var ekki óskað eftir samstarfssamningi og finnst faghópnum það miður.

- Nokkuð færri umsóknir um styrki úr borgarsjóði á sviði menningarmála bárust í ár miðað við í fyrra. Leggur faghópurinn til að auglýst verði betur eftir umsóknum í borgarsjóð að ári, til að tryggja að vitneskjan um sjóðinn og umsóknarfrest hans nái til sem flestra.



Varin gögn - External sharing

# TILLAGA AÐ ÚTHLUTUN OG ÚTREIKNINGAR

| LISTGREIN | FJÖLDI UMSÓKNA | FJÖLDI VEITTRA UMSÓKNA | ÚTHLUTUÐ UPPHÆÐ | UMSÓTT UPPHÆÐ LISTGREINAR |
|---|---|---|---|---|
| Hönnun og arkitektúr | 14 | 8 | 8.200.000 | 33.360.000 |
| Sviðslistir | 46 | 20 | 20.000.000 | 67.269.603 |
| Annað | 4 | 0 | - | 36.500.000 |
| Tónlist | 52 | 25 | 27.700.000 | 74.956.428 |
| Kvikmyndir | 9 | 3 | 8.500.000 | 36.900.000 |
| Myndlist og aðrar sjónlistir | 17 | 10 | 18.100.000 | 49.614.580 |
| Ritlist, bókmenntir og útgáfa | 8 | 3 | 3.000.000 | 13.135.200 |
| Þverfagleg list | 20 | 9 | 6.500.000 | 45.645.000 |
| | **170** | **78** | **92.000.000** | **357.380.811** |






Varin gögn - External sharing









Varin gögn - External sharing

# TILLAGA AÐ VERKEFNUM OG UPPHÆÐ

**Samstarfssamningar 2026-2028**

6.500.000 Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík- 24.9.-4.10.2026

4.500.000 Óperudagar 2026

3.500.000 List án landamæra

3.500.000 Samstarfssamningur milli Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík og Reykjavíkurborgar

3.000.000 Kammersveit Reykjavíkur - starfsemi árið 2026

2.000.000 UNGI Sviðslistahátíð -fyrir börn og með börnum

1.500.000 Dans Afríka Barakan Festival Iceland 2026

**Samstarfssamningur 2026-2027**

4.500.000 Sequences myndlistartvíæringur - samstarfssamningur til 3-5 ára

**Listhópur Reykjavíkur 2026**

2.500.000 Elja kammersveit 2026

**Styrkir 2026**

3.000.000 Gallery Hakk / Sýningarárið 2026

3.000.000 Starfsemi Caput-hópsins 2026

2.000.000 Open listamannarekið sýningarrými

2.000.000 Starf kammerhópsins Nordic Affect



Varin gögn - External sharing

| | |
|---|---|
| 1.500.000 | Áburður: Sýningarröð Slökkvistöðvarinnar 2025-2026 |
| 1.500.000 | Extreme Chill Festival 2026 |
| 1.500.000 | Queer Situations - alþjóðleg bókmenntahátíð |
| 1.500.000 | Reykjavík Early Music Festival |
| 1.500.000 | Starfsemi Cantoque Ensemble 2026 |
| | |
| 1.200.000 | JÚLÍ-26 Sumarvinnustofur Dansverkstæðisins |
| | |
| 1.000.000 | Albúm |
| 1.000.000 | Á milli - starfsþróunartækifæri fyrir upprennandi listamenn í hjarta Reykjavíkur |
| 1.000.000 | Bókumbók. Bókverka og sýningarrými |
| 1.000.000 | Brösótt ferðalag |
| 1.000.000 | DesignTalks 2026 |
| 1.000.000 | FLEY - samsýning ungra hönnuða |
| 1.000.000 | Hallensteins Hús |
| 1.000.000 | Komum út í mínus Festival |
| 1.000.000 | KULDAKAST - Vetrarhátíð Verkvinnslunnar |
| 1.000.000 | Latin American Film Festival Reykjavík 2026. 4th Edition. |
| 1.000.000 | List og áhrif Magnúsar Pálssonar |
| 1.000.000 | Reykjavík Folk Festival 2026 |
| 1.000.000 | Sýningar og viðburðir í sýningarrými Fyrirbæri (2026) |
| 1.000.000 | Tónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans í Hörpu |
| 1.000.000 | Ungmennadanshópurinn Forward |
| 1.000.000 | UngRIFF - allt árið |
| | |
| 800.000 | Arabískar nætur – menningarveisla í Reykjavík |
| 800.000 | Associate Gallery - sýningarár 2026 |
| 800.000 | Gagnkynhneigð - Landsátak |
| 800.000 | Garg bókabúð |
| 800.000 | Kíton X Snælda |
| 800.000 | Litrík Reykjavík |



Varin gögn - External sharing

| | |
|---|---|
| 800.000 | Physical Cinema Festival - Hreyfimyndahátíð Reykjavíkur |
| 800.000 | Píanókvartettinn Negla: Starfsárið 2026. |
| 800.000 | Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, æfingar og tónleikar 2026 |
| 800.000 | Starf Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins 2026 |
| 800.000 | Tímavilla |
| 800.000 | Tóma rýmið |
| 800.000 | Upptakturinn 15 ára |
| | |
| 700.000 | Barna- og fjölskyldudagskrá á Dansverkstæðinu |
| 700.000 | Kammertónleikar Camerarctica 2026 |
| 700.000 | S27 |
| 700.000 | Starfsemi, rekstur og tónleikahald Lúðrasveitar verkalýðsins |
| 700.000 | Öskubuska eftir Rossini – á íslensku hjá Sviðslistahópnum Ösku |
| | |
| 600.000 | 15:15 Tónleikasyrpan |
| 600.000 | Jazz í Djúpinu 2026 |
| 600.000 | Kammermúsíkklúbburinn 2026 |
| 600.000 | Sveppafár (e.Mushroomania) |
| 600.000 | Tónleikar viibra á Listahátíð í Reykjavík 2026 |
| | |
| 500.000 | 100 ára afmæli Karlakórs Reykjavíkur árið 2026 |
| 500.000 | Einkasýningi í Listasafni Reykjavíkur |
| 500.000 | Fjöltyngdar prinsessusögustundir á Borgarbókasafninu |
| 500.000 | Hæ / Hi 2026 |
| 500.000 | Innblástur |
| 500.000 | Jóhannesarpassía J.S. Bach (1749) |
| 500.000 | Krakkakaffihúsið |
| 500.000 | Leihús í Hannesarholti |
| 500.000 | Pabba Reif |
| 500.000 | Unaðsreiturinn |
| 500.000 | Vá! |
| 500.000 | Velkomin heim |



Varin gögn - External sharing

| | |
|---|---|
| 500.000 | Viltu sjá hvar ég á heima? |
| 500.000 | Vorvindar IBBY og Barnabóka barsvar |
| 400.000 | Icelandic nuances - útgáfutónleikar á Myrkum Músíkdögum. |
| 400.000 | Leirlistafélagið 45 ára / 45 Years of Ceramics |
| 300.000 | Coffee & Collage: Creative Collage Workshops at Gerðuberg Library |
| 300.000 | Katla kemur |
| 300.000 | Tónar við Tjörnina |
| 200.000 | Audio Walk in Reykjavík |

- Samtals 78 styrkir og samstarfssamningar
- Þar af 8 samstarfssamningar



Varin gögn - External sharing